# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 15 10. mars 2005

Heimilisfang: Ránarbraut 1, 870 Vík. Sími 458 2800. Myndsendir 458 2860.
Netfang: logbirtingabladid@syslumenn.is • Veffang: www.logbirtingablad.is.
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa) – ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 82.000, eintakið kr. 802.

**Nr. 8 119. ár** **23. janúar 2026**

Útgáfud.: 20. janúar 2026

## Löggilding innlögð

Birna Rós Gísladóttir hefur lagt inn til embættisins löggildingu sína til að starfa sem fasteigna, fyrirtækja og skipasali og er hún því niður fallin.

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra 20. janúar 2025

Siglufjörður, 20. janúar 2026
**Jón Hrólfur Baldursson**
20260120002A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Fasteigna- og skipasala - löggilding að nýju

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra gaf þann 20. janúar 2026 löggildingu að nýju fyrir Ernu Guðrúnu Sigurðardóttur til að starfa sem fasteigna og skipasali.

20. janúar 2026
**Sýslumaðurinn á Norðulandi eystra**
20260121003A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Tilkynning um dráttarvexti og vexti af peningakröfum nr. 01/2026

Fyrsti kafli hér að neðan um dráttarvexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og gilda dráttarvextir sem þar eru sýndir í einn mánuð í senn, frá fyrsta degi hvers mánaðar.

Annar kafli um almenna vexti er birtur samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 4. og 8. gr. sömu laga og gilda vextir samkvæmt þessum kafla næsta almanaksmánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist.

Vextir sem breytast eru merktir með stjörnu (*) og innan sviga þar við eru sýndir vextir fyrir breytingu.

| | | |
|---|---|---|
| **I.** | **Dráttarvextir af peningakröfum í krónum** | **Vextir alls á ári f.o.m. 1. febrúar 2026** |
| **1.** | Grunnur dráttarvaxta | 8,00% |
| **2.** | Vanefndaálag [2] | 7,00% |
| **3.** | Dráttarvextir [3] | 15,00% |
| **II.** | **Almennir vextir af peningakröfum í krónum.** | **Vextir alls á ári f.o.m. 1. febrúar 2026** |
| **1.** | Vextir óverðtryggðra lána skv. 4. gr. [4] | 8,20% |

| | | |
|---|---|---|
| **2.** | Vextir verðtryggðra lána skv. 4. gr. [4] | 4,75% |
| **3.** | Vextir af skaðabótakröfum [5] | 5,47% |

Um leið og tilkynning þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2026, fellur úr gildi tilkynning nr. 12/2025, dags 19. desember 2025, um dráttarvexti og vexti af peningakröfum.

Reykjavík, 20. janúar 2026.
Seðlabanki Íslands.

**Þórarinn G. Pétursson.** **Gunnar Ormslev Ásgeirsson.**

1. Grunnur dráttarvaxta er miðaður við nafnvexti á lánum gegn veði hjá Seðlabanka Íslands.
2. Vanefndaálag er sjö hundraðshlutar, nema um annað sé samið skv. 2. mgr. 6. gr. laganna.
3. Dráttarvextir eru samtala grunns dráttarvaxta og vanefndaálags. Seðlabankinn skal birta dráttarvexti eigi skemur en viku fyrir gildistökudaga dráttarvaxta, sem eru fyrsta dag hvers mánaðar.
4. Almenna vexti sbr. 3. gr. laganna skal því aðeins greiða af peningakröfu að það leiði af samningi, venju eða lögum. Þegar hundraðshluti eirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Þar sem um verðtryggða kröfu er að ræða skulu vextir vera jafnháir vöxtum sem Seðlabankinn ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum
almennum verðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr. laganna. Í bráðabirgðaákvæði I í lögum nr. 38/2001 segir:
„Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, meðalútlánsvexti viðskiptabanka og sparisjóða eða meðalútlánsvexti sem Seðlabanki Íslands birtir, eða vísað er með öðrum almennum hætti til vaxta á markaði, og skulu þá vextir af þessum peningakröfum, eftir gildistöku laganna, vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 2,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða. Nú segir í lánssamningi í íslenskum krónum, gerðum fyrir gildistöku laga þessara, að vextir fram að gjalddaga skuli vera breytilegir í samræmi við hæstu lögleyfðu vexti á hverjum tíma, hæstu vexti á markaðnum eða vísað er með öðrum almennum hætti til hæstu vaxta á markaði og skulu þá vextir af þessum peningakröfum eftir gildistöku laganna vera jafnháir vöxtum skv. 1. málsl. 4. gr. að viðbættum 4,5%, þegar um óverðtryggða peningakröfu er að ræða og jafnháir vöxtum skv. 2. málsl. 4. gr. að viðbættum 3,5% þegar um verðtryggða peningakröfu er að ræða.“
5. Vextir af kröfum um skaðabætur, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna skulu á hverjum tíma vera jafnháir tveimur þriðju hlutum vaxta sem Seðlabanki Íslands ákveður og birtir skv. 1. málslið 4. gr. laganna.

20. janúar 2026
20260121004A

---

Útgáfud.: 20. janúar 2026

## Fyrirkall og ákæra

**Fyrirkall:**
Mál nr.: S-613/2025.
*Ákærandi:* Lögreglustjórinn á Suðurlandi.
*Ákærði:* Gintaras Zvikas verður tekið fyrir á dómþingi 26.2.2026 kl. 10.05.
*Staður:* Salur dómstólsins að Austurvegi 4, 800 Selfossi
*Dómsathöfn:* Þingfesting
Ákærði er kvaddur til að koma fyrir dóm, hlýða á ákæru, halda uppi vörnum og sæta dómi. Sæki ákærði ekki þing, við þingfestingu máls eða á síðari stigum þess, má hann búast við því að fjarvist hans verði metin til jafns við það að hann viðurkenni að hafa framið brot það sem hann er ákærður fyrir og dómur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

**Ákæra:**
Lögreglustjórinn á Suðurlandi gjörir kunnugt: Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Suðurlands á hendur Gintaras Zvikas, kt. 200584-4069, Grænásbraut 614, Reykjanesbæ

I. fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 2. apríl 2025, ekið bifreiðinni EIR14 án þess að hafa öðlast ökurétt, undir áhrifum áfengis og óhæfur til að stjórna henni örugglega
vegna áhrifa ávana- og fíkniefna (í blóðsýni mældist vínandamagn 1,15 ‰ og tetrahýdrókannabínól 11 ng/ml) um Austurveg á móts við Nettó á Selfossi, þar sem lögregla stöðvaði aksturinn.
Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 2. mgr. 49. gr., 1., sbr. 2. mgr. 50. gr. og 1. mgr. 58. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr.

umferðarlaga nr. 77/2019.
M: 318-2025-004666

II. fyrir fíkniefnalagabrot með því að hafa, á sömu stundu og stað sem greinir í ákærulið I. að framan, haft í vörslum sínum 0,58 g af maríhúana, sem ákærði framvísaði við afskipti lögreglu umrætt sinn og lögregla haldlagði.
Telst brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, með síðari breytingum, og 2. gr., sbr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, með síðari breytingum.
M: 318-2025-004722

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019. Enn fremur til að sæta upptöku á 0,58 g af maríhúana, sbr. efnaskrá lögreglu nr. 56050, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974.

Skrifstofu Lögreglustjórans á Suðurlandi, 10. desember 2025
**Arndís Soffía Sigurðardóttir**
20260120003A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, gerir kunnugt:

Gerð hefur verið krafa um að Elísabet Svanlaug Ágústsdóttir, kt. 101177-4169, Bandaríkjunum, greiði einfalt meðlag samkvæmt 57. gr. barnalaga nr. 76/2003 með barni sínu frá, 1. nóvember 2024 til 18 ára aldurs.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Elísabetu Svanlaugu Ágústsdóttur að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Vatnsnesvegi 33, föstudaginn 20. febrúar 2026 kl. 10.00.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Keflavík, 20. janúar 2026
**Sýslumaðurinn á Suðurnesjum**
20260121006A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum, Vatnsnesvegi 33, Keflavík, gerir kunnugt:

Gerð hefur verið krafa um að Ali Aasfi, kt. 010171-3779, útlöndum, greiði fjárframlag vegna menntunar samkvæmt 62. gr. barnalaga 76/2003, jafnhátt tvöföldu meðlagi, frá 1. janúar 2026 til 20 ára aldurs.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Ali Aasfi að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumanns að Vatnsnesvegi 33, föstudaginn 20. febrúar 2026 kl. 11.00.

Athygli er vakin á því að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja vegna framangreinds máls.

Keflavík, 20. janúar 2026
**Sýslumaðurinn á Suðurnesjum**
20260121007A

---

Útgáfud.: 20. janúar 2026

Innköllun - félagsslit

Á ályktunarbærum félagsfundi 29. desember 2025 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Árna Þór Hlynsson hjá SB bókhald slf, Höfðabakka 9b 2.h, 110 Reykjavík merktar Fljóthildur sf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að húsnæði SB bókhalds, Höfðabakka 9b, 110 Reykjavík, á neðangreindum tíma, til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

| **Nafn Sameignarfélags** | **Félagsfundur** |
|---|---|
| Fljóthildur sf.<br>kt. 651102-2510 | Föstudaginn, 20. mars 2026<br>kl. 10.00 |

Reykjavík, 29. desember 2025.
F. h félagsmanna,
**Árni Þór Hlynsson.**

( 2026000505B

---

Útgáfud.: 20. janúar 2026

## Innköllun félagsslit - Hagsmiður sf.

Á ályktunarbærum félagsfundi 3. janúar 2025 í neðangreindu sameignarfélagi var ákveðið að slíta félaginu, í samræmi við lög nr. 50/2007, um sameignarfélög.

Með vísan til 41. gr. laga nr. 50/2007, er hér með skorað á lánardrottna félagsins að lýsa kröfum sínum á hendur félaginu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu auglýsingar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar til Guðbjörns Ólafssonar, Reynihvammi 6, 200 Kópavogi, merktar Hagsmiður sf.

Félagsmenn hafa ákveðið að boða til fundar með lánardrottnum og félagsmönnum að Auðbrekku 32, Kópavogi, á neðangreindum tíma til að fjalla um kröfur á hendur félaginu.

| **Nafn Sameignarfélags** | **Félagsfundur** |
|---|---|
| Hagsmiður sf.,<br>kt. 450700-2740 | Föstudaginn 20. mars 2026<br>kl.15.00 |

Reykjavík, 12. janúar 2026
f.h. félagsmanna,
**Guðbjörn Ólafsson**
20260120004A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 20. janúar 2026 var samþykkt umsókn

**Ingibjargar Dóru Scheving Bjarnad.,**
**kt. 020686-3089,**
**Eggertsgötu 24, Reykjavík,**

um heimild til að leita greiðsluaðlögunar með samningi við kröfuhafa. Undirritaður var skipuð umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 19.1.2026. Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan þriggja vikna frá því að innköllunin birtist fyrra sinni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (lge.). Vakin skal athygli á því að í 3. mgr. 10. gr. lge., eru gerðar efniskröfur til kröfulýsinga. Þeir kröfuhafar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 5. mgr. 10. gr. lge. Ef kröfuhafi lýsir ekki kröfu, er kröfuhafa ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum og er bundinn af niðurstöðu þeirra. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi. Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Kópavogi, 20. janúar 2026
**Björn Ingi L Jónsson**
20260121001A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Gíslavík ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Gíslavík ehf,<br>kt. 6404962159,<br>Malarhöfða 2 | 2. september 2025 | miðvikudagur<br>8. apríl 2026<br>kl. 09:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 15, 108 Reykjavík, Lögvernd

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 15, Reykjavík, Lögvernd, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík
**Sveinn Skúlason lögmaður**
20260121009A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Hjalli Málari ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Hjalli Málari ehf.,<br>kt. 6209230280,<br>Sogavegi 112 | 1. september 2025 | miðvikudagur<br>8. apríl 2026<br>kl. 10:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 15, 108 Reykjavík, Lögvernd

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 15, Reykjavík, Lögvernd, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík
**Sveinn Skúlason lögmaður**
20260121010A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Sveitakaffi ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Sveitakaffi ehf.,<br>kt. 6302230160,<br>Eyjum II Kjós | 2. september 2025 | miðvikudagur<br>8. apríl 2026<br>kl. 11:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 15, 108 Reykjavík, Lögvernd

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 15, Reykjavík, Lögvernd, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík
**Sveinn Skúlason lögmaður**
20260121011A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - AOB verktakar ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| AOB verktakar ehf.,<br>kt. 7110230700,<br>Eldshöfða 9 | 2. september 2025 | miðvikudagur<br>8. apríl 2026<br>kl. 10:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Ármúla 15, 108 Reykjavík, Lögvernd

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ármúla 15, Reykjavík, Lögvernd, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík
**Sveinn Skúlason lögmaður**
20260121012A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - KHK design ehf., áður KO verktakar ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| KHK design ehf., áður KO verktakar ehf.,<br>kt. 6312194460,<br>Uglugötu 27, Mosfellsbæ | 2. september 2025 | fimmtudagur<br>9. apríl 2026<br>kl. 10:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 09. janúar 2026
**Aníta Rögnvaldsdóttir lögmaður**
20260122001A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Faye ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Faye ehf.,<br>kt. 6401170520,<br>Kambaseli 41, Reykjavík | 2. september 2025 | fimmtudagur<br>9. apríl 2026<br>kl. 11:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 09. janúar 2026
**Aníta Rögnvaldsdóttir lögmaður**
20260122002A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Þröstur Guðberg Fransson

Með úrskurði Héraðsdómur Vestfjarða uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Þröstur Guðberg Fransson,<br>kt. 2811765449,<br>Grundarstíg 4, Flateyri | 3. desember 2025 | þriðjudagur<br>31. mars 2026<br>kl. 13:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ eða á elin@kls.is

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Aðalgötu 23, Suðureyri, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Mosfellsbæ, 12. janúar 2026
**Elín Árnadóttir skiptastjóri**
20260122003A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun vegna samnings um greiðsluaðlögun

Með ákvörðun umboðsmanns skuldara þann 15.1.2026 var samþykkt umsókn

**Paulo César Pires,**
**Kennitala: 030580-2149,**
**Heimilisfang: Bogabraut 961F, 0108, Reykjanesbæ,**

um heimild til að leita greiðsluaðlögunar með samningi við kröfuhafa. Undirritaður var skipaður umsjónarmaður með greiðsluaðlöguninni þann 15.1.2026. Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur ofangreindum skuldara, að lýsa þeim fyrir undirrituðum umsjónarmanni innan þriggja vikna frá því að innköllunin birtist fyrra sinni, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (lge.). Vakin skal athygli á því að í 3. mgr. 10. gr. lge., eru gerðar efniskröfur til kröfulýsinga. Þeir kröfuhafar sem njóta veðréttar eða ábyrgðar annars aðila fyrir kröfum á hendur skuldara, án þess að veðið eða ábyrgðin taki til ákveðinnar skuldar, skulu tiltaka í kröfulýsingu hvaða skuld eigi þar undir, sbr. 5. mgr. 10. gr. lge. Ef kröfuhafi lýsir ekki kröfu, er kröfuhafa ekki heimilt að hafa afskipti af greiðsluaðlögunarumleitunum og er bundinn af niðurstöðu þeirra. Kröfulýsingar skulu sendar til: Umboðsmanns skuldara, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogi. Óski kröfuhafi eftir að lýsa kröfum með rafrænum hætti skal kröfulýsing send á netfangið ums@ums.is.

Kópavogi
**Hulda Pétursdóttir lögfræðingur**
20260122004A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Eplið ehf

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|

| | | |
|---|---|---|
| Eplið ehf,<br>kt. 6307090400,<br>Asparfelli 6, Reykjavík | 2. september 2025 | fimmtudagur<br>9. apríl 2026<br>kl. 14:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 09. janúar 2026
**Aníta Rögnvaldsdóttir lögmaður**
20260122005A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Logia ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| **Nafn bús:** | **Frestdagur:** | **Skiptafundur:** |
|---|---|---|
| Logia ehf.,<br>kt. 4401101180,<br>Lágmúla 7, Reykjavík | 29. ágúst 2025 | miðvikudagur<br>8. apríl 2026<br>kl. 09:30 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík, Nordik lögfræðiþjónustu.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík
f.h. Guðmundar Ingólfssonar lögmanns
**Sigmar Páll Jónsson lögmaður**
20260122006A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Pisces Iceland Seafood Corporation ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Pisces Iceland Seafood Corporation ehf.,<br>kt. 7011230420,<br>Bakkavör 9, Seltjarnarnesi | 2. september 2025 | miðvikudagur<br>8. apríl 2026<br>kl. 09:45 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík, Nordik lögfræðiþjónustu.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík
f.h. Guðmundar Ingólfssonar lögmanns
**Sigmar Páll Jónsson lögmaður**
20260122007A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - EÞJ Verk. ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| EÞJ Verk. ehf.,<br>kt. 6210181830,<br>Suðurlandsbraut 46, Reykjavík | 2. september 2025 | fimmtudagur<br>9. apríl 2026<br>kl. 13:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Austurvegi 3, 800 Selfossi

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, Selfossi, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Selfossi, 09. janúar 2026
**Aníta Rögnvaldsdóttir lögmaður**
20260122008A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - Houshang ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Suðurlands uppkveðnum 6. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Houshang ehf.,<br>kt. 6501110870,<br>Hásteinsvegi 8, Vestmannaeyjum | 2. júlí 2025 | miðvikudagur<br>8. apríl 2026<br>kl. 09:00 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík, Nordik lögfræðiþjónustu.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 08. janúar 2026
f.h. Guðmundar Ingólfssonar lögmanns
**Sigmar Páll Jónsson lögmaður**
20260122009A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Innköllun þrotabús - IS Ráðgjöf ehf.

Með úrskurði Héraðsdómur Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2026 var eftirtalið bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| IS Ráðgjöf ehf.,<br>kt. 4212140180,<br>Lækjargötu 4, Reykjavík | 29. ágúst 2025 | miðvikudagur<br>8. apríl 2026<br>kl. 09:15 |

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, 101 Reykjavík, Nordik lögfræðiþjónustu.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skólavörðustíg 24, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Komi ekkert fram um eignir í búinu mun skiptum lokið á þeim skiptafundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 08. janúar 2026
f.h. Guðmundar Ingólfssonar lögmanns
**Sigmar Páll Jónsson lögmaður**
20260122010A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Nauðungarsölur - Keflavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Vatnsnesvegi 33, Keflavík, 19. febrúar 2026 kl. 10.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

*Heiti eignar:* Bolafótur 15, Reykjanesbæ
*Fastanr.:* 2092913
*Gerðarþoli (-ar):* Artico Seafood ehf.
*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Reykjanesbær
*Fjárhæðir krafna í kr.:* 1.524.589

*Heiti eignar:* Brekadalur 3, Reykjanesbæ
*Fastanr.: 2320952*
*Gerðarþoli (-ar):* Thor Holding ehf.
*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Skatturinn
*Fjárhæðir krafna í kr.* 3.611.303

*Heiti eignar:* SAGA, KE, Keflavík, (VINNUSKIP)
*Fastanr.: 2777*
*Gerðarþoli (-ar):* Dalalón ehf.
*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Skatturinn
*Fjárhæðir krafna í kr.* 125.272

*Heiti eignar:* Skógarbraut 922, 50% ehl. gþ., Reykjanesbæ
*Fastanr.:* 2309282
*Gerðarþoli (-ar):* Katarzyna Nurzynska
*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Rapyd Europe hf.
*Fjárhæðir krafna í kr.* 650.509

*Heiti eignar:* Tjarnabraut 14, Reykjanesbæ
*Fastanr.:* 2289921
*Gerðarþoli (-ar):* Leigufélagið Brú hses.
*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* HS Veitur hf.
*Fjárhæðir krafna í kr.* 113.019

*Heiti eignar:* Tjarnabraut 14, Reykjanesbæ
*Fastanr.:* 2289937
*Gerðarþoli (-ar):* Leigufélagið Brú hses.
*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* HS Veitur hf.
*Fjárhæðir krafna í kr.* 116.351

*Heiti eignar:* Vatnsnesvegur 7, Reykjanesbæ
*Fastanr.:* 2091089
*Gerðarþoli (-ar):* Artico Seafood ehf.
*Gerðarbeiðandi (-beiðendur):* Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Reykjanesbær
*Fjárhæðir krafna í kr.* 2.872.915

20. janúar 2026
**Sýslumaðurinn á Suðurnesjum**
20260121005A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Skiptalok - SIS75 ehf. (áður Siggaferðir ehf.)

**Nafn bús:**
SIS75 ehf. (áður Siggaferðir ehf.),
kt. 610911-1020,
Hamarskoti, Flóahreppi.

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 8.2.2023 var ofangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta, og var undirrituð skipuð skiptastjóri í þrotabúinu þann 29. nóvember 2025. Skiptum á búinu var lokið 29. desember 2025. Frumvarp til úthlutunnar lá frammi í tvær vikur fyrir skiptafund á skrifstofu skiptastjóra til sýnis fyrir kröfuhafa og aðra sem áttu lögvarinna hagsmuna að gæta. Engin andmæli komu fram gegn frumvarpinu og var það því endanlega samþykkt sem úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Samtals lýstar kröfur í þrotabúið voru kr. 156.096.000 þar af forgangskröfum skv. 112. gr. gþl. að fjárhæð kr. 14.247.006. Upp í lýstar veðkröfur greiddust kr. 54.442.517. Upp í aðrar kröfur fékkst ekkert.

Selfossi, 19. janúar 2026
**Þórdís Ólöf Viðarsdóttir lögmaður**
20260121002A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Skiptalok - Áttavilltur ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. október 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. janúar 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
|---|---|
| Áttavilltur ehf.,<br>kt. 430220-1360,<br>Steinhellu 12, Hafnarfirði. | kr. 14.098.358 |

Reykjavík, 19. janúar 2026
**Magnús Baldursson lögmaður**
20260122015A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Skiptalok - dkbokhald ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. október 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. janúar 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
| --- | --- |
| dkbokhald ehf.,<br>kt. 470522-0430,<br>Álfhellu 4, Hafnarfirði | kr. 4.563.770 |

Reykjavík, 20. janúar 2026
**Magnús Baldursson lögmaður**
20260122016A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Skiptalok - Ice Flies ehf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. október 2025 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. janúar 2026 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

| **Nafn bús:** | **Lýstar kröfur:** |
| --- | --- |
| Ice Flies ehf.,<br>kt. 430409-2040,<br>Erluási 20, Hafnarfirði | kr. 3.546.035 |

Reykjavík, 19. janúar 2026
**Magnús Baldursson lögmaður**
20260122017A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Auglýsing um skipulag - Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

*1. Bergsstaðir lóð 2 L200941; Úr sumarhúsalóð í verslunar- og þjónustulóð; Aðalskipulagsbreyting – 2412011.*
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 10. desember 2025, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Svæðið sem breytingin nær til er Bergsstaðir lóð 2 L200941 sem er hluti af frístundabyggðinni Bergsstaðir (F84). Með breytingunni er lóðinni breytt í verslunar- og þjónustusvæði þar sem landeigendur áforma að bjóða upp á gistiþjónustu. Heildarstærð frístundabyggðarinnar (F84) er 55,4 ha

sem minnkar sem nemur lóðarstærðinni og lóðin skilgreind sem nýtt verslunar- og þjónustusvæði. Skipulagssvæðið/lóðin er skráð 12.400 fm og á henni stendur 65 fm sumarhús.

*2. Villingavatn L170831; Nytjaskógrækt og landgræðsla; Aðalskipulagsbreyting - 2505090.*

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 15. janúar 2026, að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps innan jarðar Villingavatns L170831. Með breytingunni verður sett inn nýtt skógræktar- og landgræðslusvæði á Villingavatni og heimiluð skógrækt á tæplega 1.400 ha svæði. Markmið framkvæmdarinnar er að rækta skóg sem skapar timburnytjar og græðir upp raskað land.

*Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:*

*3. Efri-Ártunga L237796; Breytt afmörkun Efri-Ártungu 2 og 4 og fjölgun lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2512045.*

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 5. janúar 2026, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Ártungu í Bláskógabyggð. Breytingin nær til Ártungu 2, 4 og 6 ásamt Efri-Ártungu. Tilgangur deiliskipulagsbreytingarinnar er að breyta afmörkun Ártungu 2 L226435 og Ártungu 4 L193553, stofna þrjár nýjar lóðir úr landi Efri-Ártungu L237796 og bæta við hnitaskrá. Nýju lóðirnar úr Efri-Ártungu fá staðföngin Efri-Ártunga 1, 2 og 3. Aðkoma að lóðunum er um núverandi veg, Kristínarbraut. Heildarfjöldi lóða skipulagssvæðisins fer úr 3 í 6. Nýir byggingarreitir eru á Efri-Ártungu 1 og 2, með hámarks byggingarmagni 200 m á reit.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. - 3. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 22. janúar 2026 með athugasemdarfresti til og með 6. mars 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is.

Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

21. janúar 2026

**Sigríður Kristjánsdóttir, skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita**

20260122011A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Auglýsing um skipulag - Snæfellsbær

*Tillaga að breyttu deiliskipulagi á Arnarstapa, Snæfellsbæ.*

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti á fundi sínum þann 8. janúar 2026 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi á Arnarstapa í samræmi við 1. mgr. 43. gr skipulagslaga.

Deiliskipulagstillagan nær til Hótel Arnarstapa við Bárðarslóð 1 sem er innan VÞ-1 á Arnarstapa, Snæfellsbæ. Gert var ráð fyrir í deiliskipulagi frá 2015 að leyfilegt byggingarmagn fyrir þjónusthús væri 290 fm. Í breytingartillögu er gert ráð fyrir stækkun á byggingarreit til suðurs og aukningu á heimiliðu byggingarmagni þjónustuhúss um 160 fermetra eða þannig að leyfilegt byggingarmagn þjónustuhúss verði í heildina allt að 450 fermetrar.

*Gögn eru frá Pro-Ark Teiknistofu:* Greinargerð, deiliskipulag fyrir breytingu í mælikvarða 1:1.000 og tillaga að breyttu deiliskipulagi í mælikvarða 1:1.000.

Hægt er að skoða tillöguna frá 22. janúar - 5. mars 2026 á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is, undir málsnúmeri 71/2026.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna í síðasta lagi 5. mars 2026. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á skipulagsgatt.is vegna máls númer 71/2026.

Snæfellsbæ, 20. janúar 2026
**Skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar**
20260122012A

---

Útgáfud.: 21. janúar 2026

## Stefna - til viðurkenningar á faðerni

**Arndís Anna K. Gunnarsdóttir lögmaður,**
**Lágmúla 5, Reykjavík,**
gjörir kunnugt: Að hún þurfi f. h. Onyeka Okah, kt. 030100-5060, f. h. sonar hennar, Tyson Okah, kt. 241022-2260, til lögheimilis að Engihjalla 21, Kópavogi, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjaness á hendur Otega Daniel, f. 15. apríl 1997, með ókunnugt heimilisfang, til viðurkenningar á faðerni stefnanda.

*Dómkröfur:* Stefnandi krefst þess að dæmt verði að stefndi sé faðir stefnanda, Tyson Okah. Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða einfalt meðlag með stefnanda frá fæðingu til 18 ára aldurs stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar úr ríkissjóði, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram á síðari stigum málsins.

*Málflutningsumboð:* Arndís Anna K. Gunnarsdóttir lögmaður, Kringlunni 4- 6, Reykjavík, flytur mál þetta fyrir stefnanda, Tyson Okah.

*Málsatvik, málsástæður og lagarök:* Stefnandi Tyson er fæddur á fæðingardeild Landspítalann þann 24. október 2022. Móðir hans hafði komið til landsins fyrr á árinu, þá þunguð af stefnanda. Henni var fyrst veitt dvalarleyfi hér á landi árið 2023, til eins árs, sem var svo endurnýjað og gildir það nú til 5. mars 2026.

Faðir stefnanda er að sögn móður Otega Daniel, f. 15. apríl 1997. Faðir stefnanda hefur aldrei komið til Íslands og aldrei hitt stefnanda, son sinn.

Þann 6. maí 2025 lagði móðir stefnanda fram beiðni til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu um öflun faðernisviðurkenningar á grundvelli 3.-4. gr. barnalaga nr. 76/2003. Með bréfi, dags. 22. ágúst sl. tilkynnti sýslumaður að þar sem stefndi hefði ekki sinnt boðun í viðtal til þess að tjá sig um erindið væri málinu vísað frá. Var móður leiðbeint um að leita til lögmanns og höfða dómsmál til feðrunar barnsins samkvæmt barnalögum.

Ekki liggur fyrir hvar stefndi er búsettur í heiminum eða dvelur nú. Reynt hefur verið að hafa uppi á honum, án árangurs. Er stefnan því birt í Lögbirtingablaði með vísan til a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 en þar segir að birta megi stefnu í Lögbirtingablaði verði upplýsinga ekki aflað um hvar megi birta stefnu eftir almennum reglum.

Málið er höfðað á grundvelli II. kafla barnalaga nr. 76/2003, sbr. c-lið 1. mgr. 8. gr., 9. og 10. gr. laganna. Til stuðnings málskostnaðarkröfu vísast til 11. gr. barnalaga.

*Skjöl og sönnunargögn:*

1. Stefna þessi;
2. Fæðingarvottorð stefnanda;
3. Tilkynning sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í máli nr. 2025-036062 um frávísun faðernismáls, dags. 22. ágúst 2025;

*Áskilnaður:* Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn, og tilgreina fleiri vitni á síðari stigum og ef málatilbúnaður stefnda gefur tilefni til.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Otega Daniel, f. 15. apríl 1997, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness sem haldið verður í dómsal 1 í dómhúsinu við Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kl. 9.00 þann 25. febrúar 2026, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu.
Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 21. janúar 2026
**Arndís Anna K. Gunnarsdóttir**
20260121008A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra er Edda Sigurlaug Indriðadóttir, kt. 241036-2869, Víðilundi 24, Akureyri, svipt fjárræði í 5 ár frá 20. janúar 2026.

Akureyri, 20. janúar 2026
**Finnur Þór Vilhjálmsson**
20260122013A

---

Útgáfud.: 22. janúar 2026

## Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands eystra er Ester Tryggvadóttir, kt. 090143-4849, Lindasíðu 4, Akureyri, svipt fjárræði í 5 ár frá 20. janúar 2026.

Akureyri, 20. janúar 2026
**Ingvar Þóroddsson**
20260122014A

---

Lögbirtingablað,
8. tölublað 2026.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi
**Kristín Þórðardóttir**

Afritun eða dreifing þessa efnis er óheimil. Efnið kann að innihalda persónuupplýsingar sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 90/2018 og reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR). Óheimil meðferð getur varðað við lög.